



FRÍSTUNDASKÓLI  
REYKJANESBÆJAR



# FRÉTTABRÉF

1. tölublað | 1. árgangur | 21. janúar 2004

Útgefandi: Frístundaskóli Reykjanesbæjar

## REGLUR FRÍSTUNDASKÓLANS

### Pegar komið er í skólann:

- Hengja nemendur upp fötin sín
- Raða töskunum sínum
- Heilsa starfsfólkinu
- Láta merkja við sig

### Meðan á dvölinni stendur:

- Eru nemendur kurteisir
- Hljóða starfsfólki
- Sýna hvert öðru tillitsemi
- Sýna hvert öðru virðingu
- Ganga vel um
- Ganga frá eftir sig áður en byrjað er á nýju verki

### Í síðdegishressingunni:

Byrja nemendur á því að þvo sér um hendur

- Borða fallega
- Eru hljóðlát
- Þakka fyrir matinn
- Ganga frá eftir sig

### Pegar nemendur fara á íþróttæfingar:

- Drífa þeir sig af stað
- Kveðja og láta vita að þeir séu farnir

### Pegar nemendur koma til baka af íþróttæfingum:


- Heilsa þeir og láta vita að þeir séu komnir

### Pegar skóladegi lýkur:

- Ganga nemendur frá eftir sig
- Klæða sig og taka með sér öll föt
- Þakka fyrir daginn

## FRÍSTUNDASKÓLI TIL FRAMTÍÐAR

Að lokinni fyrstu önn Frístundaskólans er gott að staldra við og líta yfir farinn veg. Skólinn var starfræktur í öllum grunnskólum bæjarins frá því 15. september 2003. Nemendafjöldi var nokkuð breytilegur um 20 nemendur í öllum skólunum í upphafi en jókst jafnt og þétt og varð að lokum rúmlega 40 í öllum skólunum og á tímabili voru 53 börn innrituð í Heiðarskóla, sem er met haustsins. Þessar góðu viðtökur eru okkur, sem að Frístundaskólanum störfum, mikil hvatning og það er ljóst að Frístundaskólinn er kominn til að vera. Kynjaskipting nemenda var hins vegar misjöfn eftir skólum, í Holtaskóla var 38% nemenda stúlkur, í Heiðarskóla var hlutfallið 43%, í Njarðvíkurskóla 57% og í Myllubakkaskóla 72%. Ánægjulegt var að sjá að meirihluti nemenda stundaði íþróttir og einnig að nokkur börn hafa farið að stunda íþróttir fyrir áhrif frá félögum sínum í Frístundaskólanum. Hlutfall nemenda í íþróttum var þó talsvert mismunandi eftir skólum, í Holtaskóla voru 68% nemenda í íþróttum, í Heiðarskóla 75%, í Myllubakkaskóla 47% og í Njarðvíkurskóla 73%.



Mikil vinna hefur verið lögð í að koma nemendum á íþróttæfingar. Hafa sum börn verið keyrð en í þeim tilvikum sem því hefur verið við komið hafa börnin gengið sjálf. Í upphafi var ætlunin að nota strætisvagna en sú tilraun gafst ekki vel og þarf að skoða það atriði betur. Æskilegast væri auðvitað að börnin lærðu á strætisvagnakerfið og gætu nýtt sér það til að komast á æfingar, en til að svo megi verða þurfa aðstæður að breytast. Framundan eru spennandi

tímar hjá Frístundaskólanum. Breytingar verða á innra skipulagi starfsins. Mikið hefur verið keypt af nýjum leikföngum, leiktækjum og kennslutækjum. Nýjar aðferðir verða þróaðar í þeirri viðleitni okkar að ná til sem flestra barna. Reynsla haustsins nýttist okkur vonandi til að byggja upp öflugra starf, viðameira og fjölbreytilegra. Nýir starfsmenn verða ráðnir og einnig munu koma að starfinu utanaðkomandi aðiljar, svo sem ýmis félagasamtök, starfsfólk Kirkjunnar ofl.

## NÝ GJALDSKRÁ

Ný gjaldskrá tekur gildi frá og með 1. janúar 2004. Gjald fyrir fulla vistun er kr. 7.700.

Innifalin eru gjöld til íþróttafélaga, síðdegishressing og margbreytilegt starf. Hægt er að kaupa vistun í skemmri tíma

og er þá greitt tímagjald kr. 250. Þá eru íþróttafélagsgjöld ekki innifalin og greiða þarf sérstaklega fyrir hressingu.



## SKRÁNING

Þessar reglur gilda um skráningu barna í Frístundaskólann.

1. Foreldrar þurfa að skrá barnið hálfum mánuði fyrir fyrsta skóladag.
2. Foreldrar þurfa að segja vistinni upp með hálfmánaðar fyrirvara.
3. Ef foreldrar óska eftir vist eftir að skóli er byrjaður, þá þarf að gera það með hálfmánaðar fyrirvara, nema einhverjar ófyrirsjáanlegar ástæður skapi þörf fyrir vistun.
4. Gjaldið er 7.700 kr. á mánuði. Innifalið er gjald fyrir íþróttaiðkun barnsins.
5. Foreldrar skuldbinda sig til að greiða fyrir fullan mánuð ef sótt hefur verið um vistun í Frístundaskólann.
6. Hægt er að greiða samkvæmt tímagjaldi, en foreldrar gæti þess að það er mun dýrari kostur. Tímagjaldið er 250 kr./klst.

Ef tímagjald er valið þá er kostnaðurinn við slíka vistun orðinn dýrari en Frístundaskólinn eftir 42 klst, eða 11 daga og auk þess þarf að borga fyrir síðdegishressingu sem er kr. 80. Gjald fyrir íþróttaiðkun barns er ekki innifalið í tímagjaldi.

7. Greiða þarf fyrir þá tíma sem pantaðir eru og hver byrjaður klukkutími reiknast sem 1 klukkustund.

8. Nauðsynlegt er að skrá barnið í íþróttir hjá viðkomandi íþróttafélagi og gefa upplýsingar um íþróttaiðkunina á umsóknareyðublaði.
9. Það er nauðsynlegt að láta vita ef barnið mætir ekki í Frístundaskólann.
10. Foreldrar þurfa að tilkynna allar breytingar á skráningu til starfsfólks eða umsjónarmanna.



ÖLL BÖRN ERU  
VELKOMIN Í  
FRÍSTUNDASKÓLANN,  
HVORT SEM ÞAU  
EIGA VIÐ FÖTLUN AÐ  
STRÍÐA EÐA EKKI

## STEFNA

### FRÍSTUNDASÓLANS

Að vera nemendum sínum gott skjól eftir að skóladegi lykur og þar til foreldrar eru búnir að vinna. Nemendur eiga að geta sinnt heimanámi og glímt við þroskandi verkefni í bland við leik og íþróttir. Vinnan á að vera heildstæð og tengja saman hinar ýmsu greinar. Markmiðið er að efla kunnáttu barnanna, þroska þeirra, sjálfstraust, færni og félagsþroska.

## BÖRN MEÐ SÉRÞARFIR

Ef barn á við viðvarandi veikindi eða fötlun að stríða þá eru foreldrar beðnir um að krossa í sérstakan reit á umsóknareyðublaði. Þá munu umsjónarmenn Frístundaskóla hafa samband við foreldra til að fá ráð og leiðbeiningar um hvernig best sé að vinna með barnið. Einnig

til að fá heimild að aðgangi að upplýsingum um barnið frá skólayfirvöldum, skólasálfræðingi og kennurum barnsins. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til að geta veitt barninu eins góða umönnun og unnt er. Ef ekki er krossað í reitinn, en vinna með barnið gengur illa þá

er haft samband við foreldra og leitað eftir samstarfi og góðum ráðum. Ef nauðsyn þykir er haft samband við kennara barnsins og skólasálfræðing og athugað hvort þurfi að grípa til annarra úrræða og senda barnið til greiningar.

## GÓÐAR ÁBENDINGAR

Skóladagur barnanna er oft langur og margt að gerast yfir daginn. Veðrið breytist líka oft. Þá er gott að vera við öllu búinn. Eftirfarandi atriði er gott að hafa í huga.

Setjið í skólatöskuna auka inni-buxur, t.d. gammosiur, stuttbuxur eða joggingbuxur. Aukasokkar eru alveg nauðsynlegir, jafnvel tvö pör. Húfur og

vettlingar blotna einnig gjarnan. Þá er nauðsynlegt að huga vel að skófatnaði barnsins, því útvíst er hluti af daglegu starfi Frístundaskólans. Föt þurfa að vera merkt og endurskinsmerki eru algjör nauðsyn.

Hafið samband við starfsfólk Frístundaskólans ef fatnaður týnist.




# SAMSTARF VIÐ GRUNNSKÓLANN

Frístundaskólinn er staðsettur inni í grunnskólunum og því nátengdur því starfi sem þar fer fram. Þó að Frístundaskólinn sé skóli þá er starf hans annars eðlis en grunnskólans. Í Frístundaskólanum erum við ekki bundin af skólanámskrá og getum leyft okkur að læra gegnum leik. Við ætlum okkur ekki að fara inn á starfssvið grunnskólans, en styðja við það starf sem þar fer fram með þroskandi verkefnum og

viðfangsefnum. Þetta teljum okkur geta náð með því að:

- Bjóða upp á þjálfun í atriðum sem eru tímafrek, svo sem hugtakskilningur, mælingar, tjáning og bóklestur.
- Hlúa að hæfileikum einstaklings á ákveðnu sviði, sem efla sjálfstraust hans og hæfni.
- Vinna með ákveðin atriði í fari einstaklings sem verða til þess að hann aðlagist betur skólustarfinu.





## UM HEIMANÁM

**Veitt er aðstoð við heimanám í Frístundaskólanum ef foreldrar óska eftir því. Það er þó ekki hægt að ábyrgjast að börnin séu búin að læra allt þegar heim er komið, þau þurfa t.d. alltaf að lesa fyrir foreldrana.**

## STARFSFÓLK FRÍSTUNDASKÓLANS

Í Njarðvíkurskóla eru starfsmenn skólans þær: Kolbrún Karlsdóttir, Helga Þórhallsdóttir og Guðbjörg Benjamínsdóttir. GSM-sími Njarðvíkurskjóls er 864 6788  
Í Holtaskóla eru það Mirjana Potkrajac og Vilborg Sævars-

dóttir sem eru starfsmenn Frístundaskólans. GSM-sími þar er 864 6787.  
Í Heiðarskóla eru starfsmenn skólans þær Málfríður Waage, Magnea Stefánsdóttir og Guðrún B. Árnadóttir. GSM-sími Heiðarskjóls er 864 6791

Í Myllubakkaskóla starfa Hildur María Magnúsdóttir og Guðný Þórðardóttir. GSM-sími Mylluskjóls er 864 6785  
Bílstjóri Frístundaskólans er Guðrún Ásmundsdóttir, sími 894 6796.  
Umsjónarmenn Frístunda-

skólans eru Jón Marínó Sigurðsson, sími 864 6795 og Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir, sími 864 6794  
Verkefnisstjóri Frístundaskólans er Ragnar Örn Pétursson, sími 421 6700.

## NÁMSKEIÐ

Allir starfsmenn Frístundaskólans fengu tækifæri til að taka þátt í SOSnámskeiði hjá yfirsólasálfræðingi Reykjanesbæjar, Gylfa Jóni Gylfasyni nú í haust. Margir þekkja til SOS námskeiðanna hjá Gylfa Jóni og öðrum sálfræðingum Skólaskrifstofu Reykjanesbæjar. Námskeiðin ganga út frá kenningum atfelisgreiningar og að unnt sé að breyta hegðun með því að nota sannprófaðar reglur markvisst og á réttan hátt. Tilgangur þess að fara á SOS námskeið með alla starfsmenn Frístundaskólans var að samræma uppeldisaðferðir þær sem notaðar eru í skólunum og að fá í hendur tæki til að vinna með börnunum á uppbyggilegan hátt. Einnig töldum við mikilvægt að kynna þeim aðferð-

um sem notaðar eru í leikskólum og skólum bæjarfélagsins, því mjög stór hluti leikskóla og grunnskólakennara er búinn að fara á SOSnámskeið. Var námskeiðið vel sótt og starfsmenn mjög ánægðir með það. Einnig var haldið námskeið í skyndihjálp hjá Suðurnesjadeild Rauðakrossins fyrir starfsfólk Frístundaskólans. Það var Gísli Viðar Harðarson sem undirbjó og kenndi námskeiðið og aðlagði náms efnið þörfum Frístundaskólans. Var sérstaklega farið yfir atriði sem geta komið í veg fyrir slys. Almenn ánægja var með námskeiðið og eru umsjónarmenn Frístundaskólans mjög



þakklátir fyrir að hafa fengið sérhannað námskeið á heimaslóðum.

# SAMSTARF VIÐ ÍPRÓTTAHREYFINGUNA

Íþróttafélögin breyttu skipulagi sínu til að koma til móts við Frístundaskólahugmyndina. Nú geta íþróttæfingar hafist mun fyrr á daginn og flest börn sem eru í Frístundaskólunum geta stundað æfingar

hans tíma, því séð er um að keyra þau á æfingar og sækja þau þangað. Þetta er mikil hagræðing fyrir foreldra og hefur hún mælst mjög vel fyrir. Það sem vinnst með þessu er:

- Börnin eru búin með sína vinnu þegar heim er komið.
- Möguleikar barna til íþróttaiðkunar eru jafnari.
- Fleiri börn eiga kost á íþróttaiðkun.



## SÖGUSTUND

Í haust hefur starfsmaður Bókasafns Reykjaneshöllinn, Svanhildur Eiríksdóttir, séð um sögustund einu sinni í viku í hverjum skóla. Hún hefur komið í skólana, safnað saman börnunum og lesið fyrir þau margvíslegt efni en „Dýrin í Hálsaskógi“ eftir

Thorbjörn Egner ber þó hæst. Þegar sýningar hófust á leikritinu í Þjóðleikhúsinu fengum við leikara úr sýningunni, þá Friðrik Friðriksson og Pálma Gestsson til að koma og sýna Piparkökuatriðið fyrir fullu húsi í Frumuleikhúsinu rétt fyrir jólafrí.



## REYKJANESHÖLLIN



Óhætt er að segja að Reykjaneshöllin sé það atriði í dagskrá Frístundaskólans sem slegið hefur algjörlega í gegn. Það er ekki til það barn í Frístundaskólanum sem hlakkar ekki til föstudaganna, en þá er farið í Reykjaneshöllina. Þar bíða uppblásin leiktæki, risastór þrautabraut og klifurveggur. Þarna hamast börnin og fá útrás fyrir atorku sína og eflast um leið að krafti og úthaldi. Það er algengt að barn sé rennblautt af svita eftir 15-20 mínútna veru í köstulunum en þau vilja síður en svo hætta. Það er bara svengdin sem fær þau til að taka sér smáhvíld, en eitt af því mikilvægasta í starfi Frístundaskólans er

að gefa börnunum góða síðdegishressingu. Í Reykjaneshöllinni fá þau alltaf gott nesti klukkan þrjú og klukkan fjögur er tími kominn fyrir ávöxt dagsins. Það er ekki bara líkamlega sem hoppukastalarnir hafa góð og þroskandi áhrif á börnin. Þau læra líka að taka tillit til annarra og hjálpa hvert öðru og leysa deilur, því óhjákvæmilega koma upp árekstrar þegar svo mörg börn eru saman komin á einum stað. Einnig hafa hoppukastalarnir þroskavænleg áhrif. Börnin þjálfast í samhæfingu hugar og handa, læra að beita líkamanum rétt og þjálfast jafnvægissskynið.



REYKJANESBÆR

fristundaskoli@reykjaneshollin.is  
reykjaneshollin.is/fristundaskoli

PRENTVINNSLA : Grágás ehf.

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA-  
OG TÖMSTUNDASVIÐ